

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Veðréttur og þinglýsingar

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:

Veðréttur (25%) og þinglýsingar (15%)

ATH. Prófið er tvískipt: Viðskiptabréfareglur (60%)
Veðréttur og þinglýsingar (40%)

Prófdagur:

9. nóvember 2013

Kl.: 9:00 til 13:00

Próftími alls:

4 klst.

Prófblöð 4
vegna þessa
hluta prófsins,
(þ.m.t. forsíða):

Leyfileg hjálpargögn:

Lög og reglugerðir

Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Þinglýsingar (15%)

1. Eftirfarandi skjölum var þinglýst á tiltekna fasteign. Raðið skjölunum í forgangsörð þannig að það skjal sem fremst gengur sé nr. 1 o.s.frv. Ef tvö eða fleiri skjöl eru jafn rétthá þá skal merkja þau bæði (eða öll) með báðum (eða öllum) þeim sætum sem þau eiga. Sem dæmi má nefna að ef tvö skjöl eru bæði rétthæst þá skal merkja þau bæði með „1-2“. (5%)

- ___ a. Fjárnám gert í eigninni 20. september 2013, barst til þinglýsingar 15. október sama ár kl. 12:19.
- ___ b. Fjárnám gert í eigninni 15. október 2013, kl. 10:37, barst til þinglýsingar sama dag kl. 14:14.
- ___ c. Veðskuldabréf, dags. 19. ágúst 2013, barst til þinglýsingar 15. október sama ár kl. 11:27.
- ___ d. Fjárnám gert í eigninni 14. október 2013, kl. 12:47, barst til þinglýsingar sama dag kl. 12:55.

2. Gerið grein fyrir áreiðanleika þinglýsingabóka. (10%)

Veðréttur (25%)

1. Fjallið um það hvort og þá í hvaða tilvikum réttlægri veðréttir rýmkast („færast upp“) eftir því sem rétt hærrí veðréttir falla brott eða þrengjast. (9%)

2. Svarið eftirtöldum fullyrðingum. Hver liður gildir 2%. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar og tvö stig eru dregin frá fyrir vitlaust svar, en ekkert er gefið eða dregið frá ef ekki er svarað. Aðeins einn valmöguleiki er réttur. (16%)

a) Veðréttur sem ekki hefur verið tryggð réttarvernd er almennt ógildur milli aðila.

Rétt

Rangt

b) Um handveðsetningu í lausafé þarf að gera skriflegan samning.

Rétt

Rangt

c) Ákvæði 4. mgr. 3. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997 eru ófrávíkjanleg.

Rétt

Rangt

d) Sérgreiningarreglan gildir ekki um handveð.

Rétt

Rangt

e) Með lögum nr. 75/1997 um samningsveð voru heimildir til veðsetningar heildarsafna muna þrengdar verulega frá því sem áður gildi.

Rétt

Rangt

f) Ákvæði 2. mgr. 22. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997 eru ófrávíkjanleg.

Rétt

Rangt

g) Ef bannað er að framselja kröfu felur það í sér að það er bannað að veðsetja hana.

Rétt

Rangt

h) Veðsetta eign má ekki selja nema sérstaklega sé um slíkt samið.

Rétt

Rangt